

Stjórn Samfélagssjóðs Fljótisdals

Fundur nr. 15 Dags. 03.03.2023

Fundarstaður: Fjarfundur með teams, kl. 10:00

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir formaður, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir og Páll Baldursson starfsmaður sjóðsins.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Kynning á nýjum umsýsluaðila hjá Austurbrú
3. Framtíð sjóðsins og staða – Framhald frá síðasta fundi
4. Önnur mál

Formaður stjórnar bauð stjórnarmenn velkomna og setti fund.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Kynning á nýjum umsýsluaðila hjá Austurbrú

Páll Baldursson verkefnastjóri hjá Austurbrú kynntur sem nýr umsýsluaðili sjóðsins.

3. Framtíð sjóðsins og staða – Framhald frá síðasta fundi

Formaður greindi frá samskiptum sínum við Kristinn Bjarnason lögmann varðandi ráðgjöf um niðurlagningu sjóðsins sbr. samþykkt frá síðasta fundi stjórnar. Niðurlagning sjóðsins fer samkvæmt 12. gr. skipulagsskrár hans, 6. gr. laga nr. 19/1988 og 16. gr. reglugerðar nr. 140/2008 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Af þeim leiðir að til þess að leggja niður sjóðinn þarf samþykki minnst fjögurra stjórnarmanna, ásamt samþykki Sýslumannsins á Norðurlands vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar sem sýslumaður aflar.

Ferlið gerir ráð fyrir því að með beiðni til sýslumanns liggja fyrir rökstudd greinargerð þar sem m.a. er gerð tillaga um hvernig ráðstafa beri eignum sjóðsins. Eftir að beiðni er fram komin skipar sýslumaður skilanefnd amk. tveggja manna þar sem amk. einn skilanefndarmanna er lögmaður eða endurskoðandi. Sýslumaður getur einnig ákveðið að fela stjórn að fara með framkvæmd niðurlagningar á sjóðnum og ráðstöfun eigna hans í stað þess að skipa skilanefnd. Ljóst er að ársreikningur síðasta árs þarf að liggja fyrir fullfrágengin áður en niðurlagningarferli er formlega sett af stað.

Málsmeðferð varðandi breytingu á skipulagsskrá er að hluta samsvarandi og við niðurlagningu, þannig ef t.a.m. ætti að breyta 10 gr. skipulagsskrár sem snýr að úthlutun þarf að fylgja beiðni þar um til sýslumanns rökstuðningur og samsvarandi gögn.

Eftir að samfélagsverkefninu lauk fellur kostnaður við umsýslu sjóðsins nú alfarið á sjóðinn sjálfan. Samkvæmt 10 gr. skipulagsskrár sjóðsins má heildarfjárhæð styrkja ekki vera hærra en sem nemur 25% af höfuðstól eins og hann var í lok síðasta árs sem veldur því að óbreyttu er úthlutunarfjárhæð 2023 frekar lág og kostnaður við úthlutun þ.a.l. hlutfallslega hár. Stjórn er sammála um að framangreint geri það að verkum að erfitt sé að auglýsa næstu úthlutun að svo stöddu.

Stjórn sjóðsins er einhuga um að markmið sjóðsins sé ávallt að hámarka þá fjármuni sem mögulegt er að úthluta út í verkefni í samfélagið í Fljótsdal og samþykktir þ.a.l. að fela starfsmanni sjóðsins að gera greiningu á þeim kostum sem í boði eru og leggja fyrir stjórn sjóðsins. Í grunninn er um þrjá valkosti um að ræða:

- a) Hefja formlegt niðurlagningarferli og ráðstafa fjármunum hans samkvæmt skipulagskrá sem gerir það þá að verkum að sjóðurinn sjálfur úthlutar ekki aftur heldur væri eignum hans ráðstafað sbr. ákvæði þar um í skipulagskrá.
- b) Breyta skipulagskrá sjóðsins og úthluta í framhaldi samkvæmt uppfærðri skipulagskrá. Í framhaldi af úthlutun væri sjóðinn lagður í dvala.
- c) Breyta skipulagskrá sjóðsins og úthluta í framhaldi samkvæmt uppfærðri skipulagskrá. Í framhaldi af úthlutun væri sjóðurinn lagður niður samkvæmt skipulagskrá.

Niðurstaðan verði lögð fram á næsta fundi stjórnar og þá er einnig gert ráð fyrir að ársreikningur 2022 liggja fyrir.

Ljóst er að framangreindu að ekki er hægt að auglýsa eftir umsóknum á meðan endanleg niðurstaða um framtíð sjóðsins liggur ekki fyrir.

4. Önnur mál

Rætt um fyrirkomulag og mögulega tímasetningu ársfundar en ákveðið að taka það betur fyrir á næsta fundi stjórnar sem áætlaður er um miðjan mars.

Fleira ekki, fundi slitið 11:20
Fundargerð ritaði Páll Baldursson

Undirritun fundargerðar: